

# LÖG

## um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Lög þessi ná til vöru sem viðskipti eiga sér stað með hér á landi í atvinnuskyni eða er flutt út til annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Lögín taka einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Lög þessi gilda jafnt um vörur sem boðnar eru gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Lög þessi taka ekki til fornmuna eða notaðra lausafjármuna sem þarfnast lagfæringar áður en notkun þeirra hefst enda sé viðtakanda gerð grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða honum má vera það ljóst.

Ákvæði laga þessara taka til vöru sem boðin er neytendum en ná ekki til vöru eða þjónustu sem nær eingöngu er framleidd eða unnin til frekari framleiðslu eða notkunar í atvinnurekstri.

Lög þessi taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru, svo sem löggjöf um öryggi matvæla, lyfja, eiturefna eða hættulegra efna og um starfsemi þeirra aðila sem eftir þeim starfa. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemur en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu ákvæði þeirra kafla gilda.

##### 2. gr.

Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.

Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.

Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.

### II. KAFLI

#### Skilgreiningar.

#### Hugtakið vara.

##### 3. gr.

Orðið vara merkir í lögum þessum hvers kyns lausafjármuni, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni. Til vöru teljast einnig munir sem orðnir eru hluti annarra lausafjármuna.

#### Framleiðandi og dreifingaraðili.

##### 4. gr.

Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi fram-

leiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi teljast framleiðandi. Aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni, að því leyti sem starfsemi þeirra snertir öryggiseiginleika framleiðsluvöru sem er markaðssett, teljast og til framleiðenda.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

### **Opinber markaðsgæsla og markaðseftirlit.**

#### **5. gr.**

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu- og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og töku stjórnvaldsákvarðana til að framfylgja reglum um vöruöryggi.

Markaðseftirlit merkir skipulagt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Með skoðun vöru er átt við rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum.

### **Eftirlitsstjórnvald.**

#### **6. gr.**

Eftirlitsstjórnvald samkvæmt lögum þessum merkir stjórnvald sem hefur samkvæmt lögum þessum eða sérstökum lögum sem gilda um öryggi tiltekinnar vöru eða vöruflokka heimild eða skyldu til eftirlits og stjórnvaldsákvarðana hér á landi.

### **Skoðunarstofur.**

#### **7. gr.**

Skoðunarstofa er hlutlaus aðili sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Löggildingarstofan annast faggildingu skoðunarstofa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru hverju sinni.

### **Örugg vara.**

#### **8. gr.**

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun telst vera án sérstakrar áhættu fyrir einstaklinga og eignir þeirra eða áhættan er í lágmarki miðað við eðlilega notkun vörunnar enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis.

Vara skal ekki sjálfkrafa teljast hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.

#### **9. gr.**

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar.

Í þeim tilvikum, þar sem lög kveða ekki sérstaklega á um öryggi vörunnar, skal öryggi vörunnar metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Eðli hennar, þar með talið samsetningu, umbúðum, samsetningarleiðbeiningum og viðhaldi.
2. Áhrifum hennar á aðrar vörur er ljóst þykir að hún verði notuð með.
3. Almennum leiðbeiningum sem henni fylgja, svo sem merkingum á henni, leiðbeiningum um notkun og förgun og öðrum upplýsingum sem framleiðandi lætur í té.
4. Öryggi hennar gagnvart viðkvæmum notendum, svo sem börnum.

#### 10. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem ekki gilda sérstök lög eða reglur er setja sérreglur um öryggi vöru, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn eftirlitsstjórnvalds, að ákveða eftirfarandi í reglugerð í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins:

1. Kröfur sem vara verður að uppfylla til að teljast örugg.
2. Aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi vöru við settar reglur, t.d. með merkingu, vottorði, yfirlýsingu um samræmi, prófunarskýrslu, skjali með tæknilegum upplýsingum o.fl.
3. Merkingar, leiðbeiningar og upplýsingar um notkun og förgun vöru, viðvaranir um hugsanlega hættu við notkun hennar og aðra þætti er varða upplýsingar til neytenda. Heimilt er að áskilja að varúðarmerkingar og notkunarleiðbeiningar vöru til dreifingar hér á landi skuli vera á íslensku.

### III. KAFLI

#### Markaðseftirlit og markaðsgæsla.

##### Markaðsgæsla.

#### 11. gr.

Löggildingarstofan og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Löggildingarstofan og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.

#### 12. gr.

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er í tengslum við rannsókn máls skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra.

##### Markaðseftirlit.

#### 13. gr.

##### Skoðunarstofur.

Heimilt er að fela faggiltri skoðunarstofu markaðseftirlit. Skoðunarstofa annast skoðun þeirra vörutegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði, svo sem með því að taka á móti ábendingum eða kvörtunum um vörur sem taldar eru hættulegar.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá framleiðendum og dreifingaraðilum, taka sýnishorn vöru til rannsóknar, svo og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem

aðgang að skrá yfir þá sem vöruna hafa á boðstólum, vottorð, yfirlýsingar um samræmi vöru við reglur og staðla, prófunarskýrslur, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit og framkvæmd eftirlits skoðunarstofu á markaði.

#### 14. gr.

##### *Löggildingarstofan.*

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er:

1. Að vera eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokkum sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.
2. Að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu.
3. Að hafa í samstarfi við önnur eftirlitsstjórnvöld umsjón með samningum við skoðunarstofur og útbúa samningsgögn eftir því sem við á.
4. Að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflökks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.
5. Að taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. og IV. og V. kafla þessara laga um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.
6. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.
7. Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við eftirlitsstofnun EFTA og tilkynningar-skyldu í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðs Evrópusambandsins (83/189/EBE).

#### 15. gr.

##### *Önnur eftirlitsstjórnvöld.*

Hlutverk annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofu í opinberri markaðsgæslu að því leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í sérlögum er sem hér greinir:

1. Að starfa að eftirliti sem þeim er falið samkvæmt ákvæðum sérlaga og fjalla um reglur um þá vöruflokkum sem þau bera ábyrgð á samkvæmt sérlögum. Slíkar reglur taka að lágmarki til öryggis og verndar heilsu og umhverfis en geta einnig tekið til fleiri atriða.
2. Að móta meginstefnu um áherslur í markaðsgæslu og umfang eftirlits með þeim vöruflokkum sem þau bera ábyrgð á.
3. Að taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við ákvæði sérlaga er gilda hér á landi um tiltekna vörur eða vöruflokkum hverju sinni og ákvæði IV. og V. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.
4. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.

#### 16. gr.

##### *Samvinnunefndir.*

Löggildingarstofu er heimilt að setja á fót samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur.

Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokkum og gerir tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun samkvæmt lögum þessum.

Að jafnaði skulu þó aldrei starfa fleiri en ein samvinnunefnd á verkswiði hvers eftirlitsstjórnvalds en heimilt er þó að ákveða aðra skipan, einkum ef vöruflokkar eru ólíkir. Jafnframt er heimilt að hafa sameiginlega samvinnunefnd tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda.

Löggildingarstofa ákveður fjölda fulltrúa í samvinnunefnd. Samvinnunefnd velur formann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan og starfsemi samvinnunefnda.

#### IV. KAFLI

##### Málsmeðferð eftirlitsstjórnvalds.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um málsmeðferð sem gilda skal við beitingu réttarúrræða Löggildingarstofu og annarra eftirlitsstjórnvalda.

18. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru og heyra undir eftirlit þeirra.

Lögregla skal vera eftirlitsstjórnvöldum til aðstoðar ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar mála og við framkvæmd þeirra réttarúrræða sem kveðið er á um í lögum þessum.

19. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu ávallt gæta þess að málsmeðferð, rannsókn, ákvarðanir og úrskurðir þeirra samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við stjórnsýslulög. Í þeim tilvikum sem eftirlitsstjórnvöld kunna að taka ákvarðanir vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu skal stjórnvaldsákvörðun tekin til bráðabirgða. Endanlega ákvörðun skal eftirlitsstjórnvald taka eins fljótt og unnt er og tilkynna málsaðila rökstudda ákvörðun sína ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.

#### V. KAFLI

##### Réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.

##### Afturköllun og bann við sölu vöru.

20. gr.

Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi bannað sölu eða afhendingu vöru ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur.

Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu eða afhendingu hennar.

Eftirlitsstjórnvald getur, ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki reglur sem gilda um öryggi vöru, ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Telji eftirlitsstjórnvald að vara sé sérstaklega hættuleg getur það krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar.

21. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

## 22. gr.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.

Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess.

## 23. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við framleiðendur eða dreifingaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru, svo og undirbúning og töku ákvarðana eins og um stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er framleiðanda og dreifingaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Eftirlitsstjórnvaldi ber að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

**Kostnaður vegna skoðunar, dagsektir o.fl.**

## 24. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðandi eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

## 25. gr.

Sé fyrir mælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrir mælum eftirlitsstjórnvalds skv. 20. gr. hefur ekki verið hlýtt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt til lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

## VI. KAFLI

**Þagnarskylda.**

## 26. gr.

Starfsmenn skoðunarstofu, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls.

VII. KAFLI  
Gildistaka o.fl.

## 27. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál, er varða öryggi vöru, markaðsgæslu og markaðseftirlit, heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 28. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

## 29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahags-svæðinu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*